

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Dagsetning: 18. október 2021 kl. 19.30 – 21.25.

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 / fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Indriði H. Þorláksson (IHP), Harpa Björnsdóttir (HB), Kári Jónasson (KJ), Þórhildur Sigurðardóttir (PS), Hildur Bjarnason (HBj), Kristín Waage (KW), Pétur Gunnarsson (PG), Áslaug Jóna Marinósdóttir (ÁJM), Valva Árnadóttir (VÁ), Jakob S. Jónsson (JSJ).

Sigrún Pálsdóttir (SP) og Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) sátu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Fjarverandi: Hjörtur Howser (HH), Birna Imsland BI), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Guðni Gunnarsson (GG), Aldís Aðalbjarnardóttir (AA), Stefán Arngrímsson (SA), Sigurður Magnússon (SM).

Stjórn sjúkrasjóðs var boðuð sérstaklega á fundinn til að ræða hugmyndir um sjúkrasjóð ferðabjónustunnar: Ragnheiður Ármansdóttir mætti á fundinn, Pétur Gauti Valgeirsson tók þátt í gegnum fjarfundabúnað, en Vilborg Anna Björnsdóttir boðaði forföll.

1.	Fundur settur	Formaður FR setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Greindi hann frá nýafstöðnum stjórnarfundum, en bókarari félagsins hafði komið á fundinn og farið yfir fjármál félagsins til að athuga hvort við hefðum efni á auknu starfshlutfalli starfsmanns skrifstofunnar, sem full þörf er á. Litu fjármálin betur út en vænst var og var því ákveðið að hækka starfshlutfallið tímabundið í 6 mánuði og sjá svo til með framhaldið. Einnig sagði formaður frá ráðstefnu um öryggismál í ferðabjónustu sem hann hafði setið, en þó þótt einkennilegt að ekki hefði verið leitað til Leiðsagnar við undirbúning hennar.		
2.	Fundargerð síðasta fundar	Fundargerð síðasta fundar trúnaðaráðs þann 6.9.2021 var lögð fram til samþykktar. Meirihluti fundarmanna hafði þegar samþykkt fundargerðina í tölvupóstum sem farið höfðu á milli, en IHP vildi ekki samþykkja hana í þeirri mynd sem hún var lögð fram og óskaði eftir því að athugasemd sem hann hafði sent í tölvupósti til þeirra sem sátu fundinn yrði látin fylgja fundargerðinni sem sérstök bókun. Tóku nokkrir aðrir fundarmanna undir það og var það auðsótt mál. Með	U	

		<p>Það var fundargerðin frá 6.9. samþykkt (sjá fundargerð frá 6.9.2021 á heimasíðu og í fundargerðarbók þar sem bókun IHP fylgir).</p> <p>Af þessari fundargerðarumræðu spannst á ný umræða um „átakamenningu“ innan stéttar leiðsögumanna og félags þeirra Leiðsagnar. Var almennur vilji að vinna að því að bæta andrúmsloftið og vinna að samhug allra félagsmanna.</p>	<p>Á</p> <p>U</p>	
3.	Endurnýjað umboð Kjaranefndar	<p>FR reifaði málið í upphafi og greindi frá því að hann hefði leitað álits hjá Magnúsi Norðdahl, lögmanni ASÍ, um hvort æskilegt væri að t.d. stjórnarmenn sætu í Kjaranefnd fremur en ekki. Í svari Magnúsar kom fram að slíkt ætti ekki að þurfa að skipta máli.</p> <p>Formaður minnti á að samkvæmt lögum félagsins og erindisbréfi kjaranefndar ætti trúnaðarráð að útnefna nýja Kjaranefnd strax að afloknum aðalfundi félagsins eða endurnýja umboð fráfarandi Kjaranefndar, og þyrfti sem fyrst að klára þetta verkefni.</p> <p>IHP lagði til að núverandi formaður trúnaðarráðs eða stjórn LS gerði tillögu um hvernig ný nefnd yrði skipuð og tillagan yrði tekin fyrir á næsta fundi trúnaðarráðs. Var það samþykkt.</p> <p>Bent var á nauðsyn fjölbreyttrar samsetningar Kjaranefndar með m.a. tilliti til aldurs, kyns, eðlis leiðsagnar og fleiri þátta, t.d. þess hversu fólki ynni mikið við leiðsögn yfirhöfuð. Eins var bent á að nauðsynlegt væri að nefndin væri skipuð a.m.k. einum talnaglöggu manni.</p>	<p>U</p> <p>U</p> <p>Á</p> <p>U</p>	Stjórn
4.	Sjúkrasjóður ferðapjónustunnar	<p>(Fyrir hönd sjúkrasjóðs tók Ragnheiður Ármannsdóttir nú sæti á fundinum og Pétur Gauti Valgeirsson tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.)</p> <p>JSJ gerði fundarmönnum grein fyrir þeim hugmyndum sem hafa verið viðraðar varðandi „sjúkrasjóð ferðapjónustunnar“ á fundum sem hann hefur setið með fulltrúum SAF.</p> <p>Hugmyndin um sameiginlegan „sjúkrasjóð ferðapjónustunnar“ kviknaði upphaflega við síðustu kjarasamninga og var vakin upp aftur í nýlegu samtali milli formanns Kjaranefndar Leiðsagnar og formanns samninganefndar SAF. Þótti þeim ráð að setja saman starfshóp sem færi yfir málið og kannaði þá möguleika á kjarabótum fyrir leiðsögumenn sem kynnu að felast í því að stofnaður yrði nefndur sjúkrasjóður. Er lagt upp</p>	<p>U</p>	

		<p>með að JSJ og tveir stjórnarmenn úr sjúkrasjóði Leiðsagnar verði fulltrúar Leiðsagnar í starfs- hópnum ásamt fulltrúum frá SAF.</p> <p>Spunnust umræður um málið og m.a. bent á að ákveðin tenging er á milli veikindaréttar leið- sögumanna og ráðningarsambands þeirra. JSJ telur mikilvægt að litið sé heildstætt á svona mál og var almennt tekið undir það. Fundarmenn áttu þó flestir erfitt með að sjá nauðsyn á sam- einingu og vöknudu spurningar um fjárhagslega uppbyggingu slíks sjóðs, myndi t.d. núverandi sjúkrasjóður LS renna inn í hann eða yrði þetta sérstaklega uppbyggður sjóður? Eins vöknudu spurningar um framlag SAF inn í slíkan sjóð.</p> <p>Ekki fengust svör við öllum þessum spurningum og töldu stjórnarmenn í sjúkrasjóði að hug- myndin væri ekki nægilega undirbyggð. Pétur Gauti sagði sig því frá þátttöku í þessum sam- ræðuhópi og yfirgaf fundinn. Ragnheiður taldi fundarboð um samræðuhóp LS og SAF van- undirbúið og ekki nægilega vel upplýst hverjir væru hagsmunir Leiðsagnar og hverjir hags- munir SAF. Töldu fleiri fundarmenn að hug- myndin væri vanreifuð og fékkst ekki niðurstaða í málið að þessu sinni.</p> <p>(Ragnheiður vék af fundi þegar umræðum lauk.)</p>	U	
5.	Lagabreytingarnefnd	Lagabreytingarnefnd hefur verið skipuð að langmestu leyti, í samræmi við ályktun aðal- fundar s.l. vor. Nefndin verður boðuð innan tíðar til fundar þar sem lagðar verða línurnar um verklag og tímaáætlun.	U Á	Friðrik
7.	50 ára afmælisfagnaður	SSS gerði grein fyrir undirbúningi 50 ára afmælishátíðar félagsins en hann hefur myndað gott teymi til undirbúnings. Hefur m.a. útgáfa afmælisrits verið rædd en óskað er eftir fleiri góðum hugmyndum. Í þessu samhengi er minnt á að 21. 2. er alþjóðlegur dagur leiðsögumanna og spurt hvort eitthvað mætti gera af því tilefni. Eins nefndi ÞS að æskilegt væri að félagið væri meira sýnilegt, t.d. í 1. maí göngunni.	U	Snorri
8.	Önnur mál	1) VÁ, kjarafulltrúi Leiðsagnar, gerði grein fyrir starfi Kjaranefndar að undanförunu, sem hefur falist í að leysa úr málum félagsmanna og þeirra erlendu einstakl- inga sem sækja þurfa um tímabundið atvinnuleyfi.	U	

		<p>2) Kristín Waage, formaður stjórnar Fagdeildar, greindi frá verkefnum stjórnar frá því að hún tók við taumum vorið 2020. Stjórn Fagdeildar fundaði stíft frá hausti 2020 til sumarbyrjunar 2021 og þurfti í upphafi að skilgreina hvert hlutverk Fagdeildar væri eftir breytingar á félaginu. Mikil vinna fór í að skoða lög LS og reglugerð Fagdeildar og telur stjórn hennar þörf á mikilli endurskoðun og lagabreytingum. Ekki hefur verið fundarfært undanfarið ár vegna Covid-19 og því hefur stjórn því hvorki boðað til aðalfundar eða félagsfundar fagdeildar.</p>	U	
9.	Fundi slitið	Formaður þakkaði fundarmönnum góða og málefnalega umræðu og sleit fundi.		

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Jakob S. Jónsson, ritari (úrsögn 19.12.)
Harpa Björnsdóttir, ritari fullgerði